

# Áfallaáætlun Breiðholtsskóla

Endurskoðuð haustið 2020



## Innihald

Áfallaáætlun Breiðholtsskóla .....	2
Áfallaráð Breiðholtsskóla.....	2
Hlutverk áfallaráðs .....	2
Áföll sem þessi áætlun nær til eru: .....	2
Viðbrögð við áföllum tengdum nemendum .....	3
Alvarleg veikindi nemanda.....	3
Fyrstu viðbrögð í skólanum:.....	3
Þegar nemandi kemur aftur í skólann:.....	3
Alvarlegt slys á nemanda .....	3
Slys sem verða í skólanum: .....	3
Slys sem verða utan skólatíma: .....	3
Þegar nemandi kemur aftur í skólann:.....	4
Andlát nemanda .....	5
Fyrstu viðbrögð í skólanum:.....	5
Vinna í viðkomandi bekk sama dag: .....	5
Vinna í viðkomandi bekk næstu daga:.....	6
Alvarleg veikindi/slys náinna aðstandenda nemanda.....	6
Andlát náinna aðstandenda nemanda .....	6
Viðbrögð við áföllum tengdum starfsfólki skólans.....	7
Alvarleg veikindi starfsmanns skólans.....	7
Alvarleg slys starfsmanns skólans .....	7
Andlát starfsmanns .....	7
Andlát maka/barns starfsmanns.....	8



## Áfallaáætlun Breiðholtsskóla

Tilgangur áfallaáætlunar Breiðholtsskóla er að skýrt sé hvernig bregðast á við válegum atburðum sem snerta nemendur og/eða starfsfólk skólans.

Áfallaáætlun þessi skal nýtt sem gátlisti þegar skipuleggja þarf áfallahjálp.

Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin og mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búið að takast á við þá erfiðleika sem fylgt geta alvarlegum áföllum.

### Áfallaráð Breiðholtsskóla

Í áfallaráði eru:

- stjórnendur skólans
- námsráðgjafi
- skrifstofustjóri
- skólahjúkrunarfræðingur
- sálfræðingur

Skólastjóri er formaður áfallaráðs. Skólastjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess. Ef stjórnendur eru ekki á staðnum er námsráðgjafi staðgengill þeirra.

### Hlutverk áfallaráðs

Hlutverk áfallaráðs er að ákveða hvernig bregðast skuli við þegar upp koma erfið veikindi hjá nemendum, forráðamönnum og starfsfólki skólans. Einnig ef slys og dauðsfall ber að höndum.

Áfallaráð ákveður hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við í hverju tilfelli fyrir sig. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli. Viðbrögð skólans eru borin undir aðstandendur. Við skipulag vinnuáætlunar þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.

### Áföll sem þessi áætlun nær til eru:

- Alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall nemanda.
- Alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall foreldra eða annarra náinna ættingja nemenda
- Alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall starfsmanns.
- Ofbeldi gegn nemanda/starfsfólki og/eða önnur ótilgreind áföll sem hafa veruleg áhrif á líðan.

Áfallaráð skal funda við upphaf hvers skólaárs og athuga hvort tilkynnt hafi verið um breytingar á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Hafi áfall átt sér stað skal taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Það skal gert í samráði við viðkomandi aðila.



## Viðbrögð við áföllum tengdum nemendum

### ***Alvarleg veikindi nemanda***

#### **Fyrstu viðbrögð í skólanum:**

Staðfesting og samþykki forráðamanna er fengið áður en lengra er haldið. Starfsfólki og bekkjarfélögum er greint frá því ef nemandi veikist alvarlega. Aðilar úr áfallaráði, ásamt umsjónarkennara, ræða við og vinna með nemendum sem tengjast málinu. Athuga skal hvort heimsóknir til viðkomandi nemanda séu æskilegar og hvernig skuli staðið að þeim.

#### **Þegar nemandi kemur aftur í skólann:**

Bekkjartélagar og starfsfólk er búið undir það hvernig taka skuli á móti nemanda þegar hann kemur aftur í skólann þannig að það auðveldi honum endurkomuna. Umsjónarkennari, ásamt aðila úr áfallaráði, ræðir við viðkomandi nemanda áður en hann kemur í skólann.

### ***Alvarlegt slys á nemanda***

#### **Slys sem verða í skólanum:**

Verði alvarlegt slys á nemanda á skólatíma:

- skal strax hafa samband við neyðarnúmer 112 og forráðamenn
- ræða aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara við nemendur / bekki / árganga sem tengjast málinu
- er starfsfólki og nemendum greint frá slysinu.
- reyni skólastjórnendur að sjá til þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um atburðinn
- meta skal hvort senda á bréf/tölvupóst með helstu upplýsingum heim til annarra nemenda.

Mælt er með að skólastarf haldi áfram, að börnin haldi hópinn og vinni verkefni saman. Þannig eru þau oft fljótari að vinna sig út úr áfallinu.

Óski fjölmiðlar eftir upplýsingum um atburðinn er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá. Starfsmenn skóla skulu vísa á skólastjórnanda sé óskað upplýsinga varðandi atburðinn.

#### **Slys sem verða utan skólatíma:**

- Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri fær staðfestingu á slysi hjá aðstandendum (lögregla eða sjúkrahús mega ekki gefa upp upplýsingar).
  - Skólahjúkrunarfræðingur getur fengið upplýsingar frá sjúkrahúsi. Mikilvægt að fá nákvæmar upplýsingar áður en vinna hefst.
- Öll vinna í skólanum er háð samþykki aðstandenda. Borið undir þá hvað sagt verði og gert, s.s. tilkynningar og bréf.
- Skólinn gefur ekki upplýsingar til fjölmiðla.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.



## Breiðholtsskóli

- Starfsfólki og nemendum er tilkynnt um slysið.
  - Gæta skal þess að þeir starfsmenn sem ekki eru á staðnum fái upplýsingar (líka starfsmenn Bakkasels og Bakkans ef við á).
  - Ákveða þarf hvaða nemendahópum innan skólans þarf að tilkynna um áfallið, eru það allir nemendur, bara bekkurinn eða hvert skólastig.
- Hverjum tengist viðkomandi t.d. systkini, vinir.

### Áfallaráð fer yfir eftirfarandi:

- Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum.
- Hvernig er best að haga skólastarfinu það sem eftir er dags og næstu daga
- Er þörf á aðstoð frá utanaðkomandi aðila, s.s. sálfræðingi eða trúarleiðtoga.
- Upplýsi umsjónarkennara um hvert þeir geti leitað óski þeir stuðnings til að ræða við nemendur, (skólastjóri, sálfræðingur, prestur, trúarleiðtogi, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur).
- Ákveði hverjir verði fulltrúar skólans til að fara og heimsækja nemanda/starfsmann eða fjölskyldu.
- Ræði við umsjónarkennara um hvort/hvernig senda eigi kveðju frá bekkjarfélögum.

Áfallaráð kallar starfsmenn skóla saman í lok dags eða byrjun næsta dags og fer yfir stöðu mála og ákveður næstu skref.

Kennarar og starfsmenn hafi vakandi auga með því hvort nemendur þurfi meiri stuðning (áfallahjálp).

### Í kjölfar slyss innan eða utan skóla:

#### Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

Undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemanda þegar hann kemur aftur í skólann þannig að það auðveldi honum endurkomuna. Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræði við viðkomandi nemanda áður en hann kemur í skólann.



## **Andlát nemanda**

### **Fyrstu viðbrögð í skólanum:**

Skólastjóri eða staðgengill hans fær staðfestingu á andláti hjá aðstandendum (lögregla eða sjúkrahús mega ekki veita upplýsingar).

Mikilvægt að fá nákvæmar upplýsingar áður en vinna hefst. Erfitt getur reynst að leiðrétta sögusagnir ef ekki er gripið strax inn í atburðarásina.

- Öll vinna í skólanum er háð samþykki aðstandenda. Borið undir þá hvað sagt verði og gert, s.s. tilkynningar og bréf.
- Metið er hvort samband er haft við prest..
- Skólinn gefur ekki upplýsingar til fjölmiðla

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri kallar til áfallateymi. Nauðsynlegt er að hafa umsjónakennara hins látna með. Áfallateymi skiptir með sér verkum, fyrstu aðgerðir skóla ákveðnar.

- Skólastjórnendur/áfallateymi tilkynna starfsmönnum andlátið svo fljótt sem mögulegt er.
- Gæta skal þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Ákveða þarf hvernig nemendum er tilkynnt um áfallið.
- Stutt er við nemendur í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa og sálfræðings.
- Við skólann er fáni dreginn í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátið.

Kalla skal saman alla starfsmenn skólans. Starfsmönnum tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Passa skal að þeir starfsmenn sem ekki eru á staðnum fái upplýsingar um (líka starfsmenn Bakkasels og Bakkans):

- Hvað gerðist og hugsanleg áhrif á nemendahóp
- Hverjum tengist viðkomandi t.d. systkini, og vinir
- Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum.
- Hvernig er best að haga skólastarfinu það sem eftir er dags og næstu daga
- Koma upp athvarfi þar sem hægt er að vera í fámenni t.d hjá námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðingi.
- Hvaða hjálp fáum við utan skólans, s.s. sálfræðingur, prestur.
- Hverjir svara fólki utan skólans.

### **Vinna í viðkomandi bekk sama dag:**

Æskilegt er að umsjónarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags. Nemendum gefið tækifæri til að ræða atburðinn. Ttrúarleiðtogi auk hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa, skólastjórnenda og/eða skólasálfræðings aðstoða ef þörf er á.

Hringt er í forráðamenn nemenda og þeim tilkynnt um atburðinn og boðið að vera viðstaddir þegar börnum þeirra er sagt frá dauðsfallinu.



Skólastjóri felur skrifstofustjóra að ganga úr skugga um hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag og að senda skilaboð til þeirra. Í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt viðkomandi umsjónarkennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

### **Vinna í viðkomandi bekk næstu daga:**

Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga eftir andlát í samráði við aðstandendur.

Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta nemendur teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur. Nemendum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför með aðstoð trúarleiðtoga ef þörf krefur. Forráðamenn nemenda ákveða hver fyrir sig hvort börn þeirra verði viðstödd jarðarförina/minningarathöfnina. Nauðsynlegt er að forráðamenn fari með börnunum sínum í jarðarförina/minningarathöfnina ef þeir ákveða að börn þeirra verði viðstödd.

Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp, ef spurningar vakna, eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd. Nauðsynlegt er að nemendum sé gefinn kostur á því að tjá tilfinningar sínar eða koma með reynslusögur. Mikilvægt er að umsjónarkennari fái þann stuðning og hjálp sem hann óskar eftir og þarf á að halda. Skólastjórnendur, umsjónarkennari og þeir starfsmenn sem tengst hafa barninu verða við jarðarförina sé það mögulegt.

### **Alvarleg veikindi/slys náinna aðstandenda nemanda**

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á slysi/veikindum **hjá forráðamanni nemandans**. Mikilvægt er að fá nákvæmar upplýsingar áður en lengra er haldið.
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Upplýsingum komið til starfsfólks skólans og skólafélaga í samráði við forráðamenn ef það er talið rétt.
- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa námshópin undir það hvernig skólafélagar styðja best við nemandann sem hlut á að máli. Það auðveldar nemandanum að takast á við aðstæður.
- Skólinn gefur ekki upplýsingar til fjölmiðla.

### **Andlát náinna aðstandenda nemanda**

Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn.

Starfsmönnum skólans er tilkynnt um atburðinn. Gæta skal þess að þeir starfsmenn sem ekki eru á staðnum fái upplýsingar (líka starfsmenn Bakkasels) og að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega – ekki yfir hópinn.

Huga þarf sérstaklega að þeim börnum sem misst hafa foreldri/ forráðamann.



Áfallaráð kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans og þau skref sem skólinn stígur.

Bera skal allar aðgerðir skólans undir forráðamenn nemandans til samþykkis og mikilvægt er að hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- Ákveða þarf hvaða nemendahópum innan skólans þarf að tilkynna um áfallið, eru það allir nemendur, bara bekkurinn eða hvert skólastig.
  - Upplýsingum komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varða.
  - Huga skal að því hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum
  - Ákvarða þarf hvort senda eigi kveðju heim til nemanda. Mögulegt að bekkur útbúi bréf/kveðju.
  - Aðilar úr áfallateymi aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig hann tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar endurkomuna.
  - Nemanda boðin aðstoð í formi viðtala við sálfræðing. Gott ef nemandi á sér stuðningsaðila innan skólans sem hann getur leitað til eftir aðstoð (starfsmaður, kennari eða stjórnandi).
- Skólinn gefur ekki upplýsingar til fjölmiðla

## Viðbrögð við áföllum tengdum starfsfólki skólans

**Alvarleg veikindi starfsmanns skólans** Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum veikindin.

**Alvarleg slys starfsmanns skólans** Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig tilkynna skuli nemendum um slysið.

### **Andlát starfsmanns**

Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð. Skólastjóri kallar áfallaráð saman og ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans.

Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð. Skrifstofustjóri skólans sér um tilkynningu til þeirra sem fjarri eru. Það er á ábyrgð skólastjóra að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hóp.

Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarþegnum andlátíð. Nemendum skólans er tilkynnt um andlátíð.





Að því loknu er fáni dreginn í hálfra stöng við skólann. Áfallaráð ákveður hvernig upplýsingum um andlátíð skuli komið til forráðamanna nemenda. Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarþekkt stuðning og vinna með þekktinn næstu daga ef þörf krefur. Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum þekktjum sé þess óskað.

Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns. Skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

### ***Andlát maka/barns starfsmanns***

Skólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andlátíð. Skólastjóri kallar áfallaráð saman og ákveðin eru fyrstu viðbrögð. Starfsfólk skólans er upplýst um andlátíð í samstarfi við starfsmann.

Skrifstofustjóri skólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru um andlátíð. Það er á ábyrgð skólastjóra að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hóp.

Ef maki umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarþekkt andlátíð í samstarfi við umsjónarkennarann. Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda.

Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarþekkt stuðning og vinna með þekktinn næstu daga ef þess er óskað. Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum þekktjum ef þörf krefur.

Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði fer heim til starfsmanns. Skólinn sendir samúðarkveðju til starfsmanns.